



Reykjavíkurborg

Innri endurskoðun

Reykjavík, 16. nóvember 2017

IE17110004

0.5.2

HS/KV

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar  
Ólafur B Kristinsson  
Tjarnargata 12  
101 Reykjavík

### ***Endurskoðun starfsreglna Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar***

Í alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun kemur fram að tilgangur, heimildir og ábyrgð innri endurskoðunar skuli skilgreint með formlegum hætti í erindisbréfi innri endurskoðunar. Erindisbréf/starfsreglur Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar voru síðast samþykktar af endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hinn 17. október 2016. Í starfsreglum Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar er endurskoðunarákvæði sem kveður á um árlega endurskoðun. Eftir yfirferð starfsreglnanna þykir ekki tilefni til efnislegrar endurskoðunar en tækifærið var nýtt til þess að gera smávægilegar orðalagsbreytingar, eins og sjá má í meðfylgjandi skjali með breytingasögu.

Virðingarfyllst,

Hallur Símonarson  
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

*Hjálagt:*

*Drög að uppfærðum starfsreglum Innri endurskoðunar, dags. 13.11.2017*





## Starfsreglur Innri endurskoðunar

### 1. Inngangur

Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur Reykjavíkurborgar. Með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum leggur Innri endurskoðun mat á og bætir virkni áhættustýringar, eftirlits og stjórnarháttar og stuðlar þannig að því að Reykjavíkurborg nái markmiðum sínum.

Starfsreglur þessar eru settar í samræmi við alþjóðlegan staðal um framkvæmd innri endurskoðunar. Starfsreglurnar skilgreina tilgang, heimildir og ábyrgð Innri endurskoðunar gagnvart Reykjavíkurborg og dótturfyrirtækjum hennar.

### 2. Umboð

Innri endurskoðun heyrir undir borgarráð Reykjavíkur. Borgarráð ræður innri endurskoðanda í samráði við endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar og heyrir hann samkvæmt lögum embættislega undir borgarstjóra. Innri endurskoðandi nýtur faglegs sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart allri stjórnarsýslu borgarinnar, þ.m.t. borgarstjóra.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar sinnir innri endurskoðun innan A hluta samstæðu Reykjavíkurborgar í umboði borgarráðs og ber sem slík ábyrgð á innri endurskoðun innan samstæðu Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar sinnir og/eða hefur eftirlit með innri endurskoðun innan B hluta samstæðunnar í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 25. október 2007 og á grundvelli samkomulags við viðeigandi stjórnir dótturfélaga.

Til þess að ná þeim markmiðum sem starfsemi Innri endurskoðunar eru sett skulu starfsmenn Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar hafa fullan og ótakmarkaðan aðgang að öllum gögnum, eignum og starfsfólki viðkomandi vinnslu úttekta. Stjórnendur og starfsfólk Reykjavíkurborgar ásamt borgarráði, fagráðum, stjórnnum, stjórnendum og starfsmönnum dótturfyrirtækja sbr. 2. mgr. skulu veita starfsmönnum Innri endurskoðunar þá aðstoð sem óskað er við að uppfylla starfsskyldur sínar.

### 3. Faglegur grunnur

Staðlar alþjóðasamtaka innri endurskoðenda, „International Standards for the Professional Practice of Internal Auditing“ (hér eftir kallaðir *Staðlarnir*), eru grundvöllur starfsemi Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar. Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar ber að fylgja *Stöðlunum* þar sem m.a. er sett fram skilgreining á innri endurskoðun, siðareglur og viðmið um faglega framkvæmd innri endurskoðunar. Í samræmi við *Staðlana* ber Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar að gæta hlutleysis í störfum sínum og starfa óháð þeim rekstrareiningum sem hún endurskoðar.

## 4. Starfsemi

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar annast innri endurskoðun hjá A og B hluta borgarsjóðs. Innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar skal í samræmi við stefnu borgarráðs stilla upp samkomulagi um innri endurskoðun fyrirtækja innan B hluta borgarsjóðs sem meðal annars kveður á um umboð og hlutverk Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar gagnvart viðkomandi fyrirtæki. Í þeim tilvikum sem stjórn B hluta félags semur um innri endurskoðun við annan aðila skal innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar þó hafa eftirlit með gæðum þeirrar starfsemi með hliðsjón af ábyrgð sbr. 2. mgr. 2. greinar.

Um umfang starfsemi Innri endurskoðunar gildir:

- Innri endurskoðandi leggur áhættugrundaða innri endurskoðunaráætlun fyrir samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir endurskoðunarnefnd til samþykktar og til kynningar í borgarráði og fyrir stjórnendum. Skal endurskoðunaráætlun einkum byggja á mati á áhættuþáttum í starfsemi og þörf á úttektum. Innri endurskoðandi leggur endurskoðunaráætlun fyrir B hluta fyrirtæki fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu og stjórn viðkomandi fyrirtækis til samþykktar, sbr. 1. mgr. þessarar greinar. Hafi stjórn B hluta félags samið um innri endurskoðun við annan aðila skal innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar rýna endurskoðunaráætlun hans áður en hún er lögð fyrir endurskoðunarnefnd til afgreiðslu.
- Innri endurskoðandi skal hafa reglubundin samskipti við endurskoðunarnefnd. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlitshlutverki að gegna gagnvart starfsemi Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar.
- Innri endurskoðandi situr fundi borgarráðs og gerir borgarráði og endurskoðunarnefnd grein fyrir úttektum og eftirliti. Innri endurskoðandi gerir endurskoðunarnefnd, borgarráði og/eða viðkomandi stjórn B hluta félags viðvart ef vart verður við misferli í meðferð fjármuna.
- Borgarráð getur falið Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar úttekt á einstökum stofnunum eða þáttum í rekstri Reykjavíkurborgar. Forstöðumenn fyrirtækja, stofnana og rekstrareininga hjá Reykjavíkurborg geta með rökstuddum erindum óskað innri endurskoðunar á starfsemi sem undir þá heyrir. Stjórnir og framkvæmdastjórnir B hluta fyrirtækja geta óskað innri endurskoðunar á starfsemi sinni í samræmi við undirritað samkomulag um innri endurskoðun.
- Við framsetningu og dreifingu niðurstaðna úttekta skal fylgja samþykktri upplýsingastefnu Innri endurskoðunar.
- Innri endurskoðun er stjórnendum til aðstoðar við rekstrarlega hagræðingu og leggur áherslu á úrbætur á vinnuferlum og breytingar sem til framfara horfa.

Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar fylgist með framgangi samþykktar innri endurskoðunaráætlunar og metur frammistöðu Innri endurskoðunar og skilgreind árangursmarkmið.

## 5. Eðli og umfang verkefna

Grundvallarmarkmið Innri endurskoðunar er að veita virðisaukandi þjónustu á sviði staðfestingar og ráðgjafar sem ætlað er að auka virði og bæta starfsemi borgarinnar. Kjörnir fulltrúar, stjórnarmenn og stjórnendur eiga að geta treyst á að Innri endurskoðun veiti þeim innsæi og hlutlaust mat á markvirkni og skilvirkni á stjórnarháttum, áhættustýringu og innra eftirliti í samræmi við eftirfarandi staðla: Staðall 2110 – *Stjórnarhættir*, Staðall 2120 – *Áhættustýring*, Staðall 2130 – *Eftirlit*. Einnig þarf að greina áhættu tengda upplýsingakerfum og misferli í samræmi við framsetningu í stöðlum 2120.A1 og 2120.A2.

Í Stöðlunum er fjallað um tvenns konar þjónustu innri endurskoðunar; staðfestingarvinnu og ráðgjöf. Staðfestingarvinna felur í sér hlutlægt mat innri endurskoðandans á gögnum til þess að gefa óháð álit eða niðurstöður um rekstrareiningu, rekstur, starfsemi, ferli, kerfi eða aðra efnisþætti. Eðli og umfang

staðfestingarverkefna er ákveðið af innri endurskoðanda. Ráðgjafarþjónusta er ráðgefandi í eðli sínu og er almennt veitt samkvæmt beiðni viðskiptavinar. Algengt er að í úttektum sé um að ræða blandaða nálgun, þ.e. bæði staðfestingu og ráðgjöf.

## **6. Siðareglur**

Starfsmenn Innri endurskoðunar starfa samkvæmt siðareglum alþjóðasamtaka innri endurskoðenda, „Code of Ethics“. Þær fela í sér það siðferðislega gildismat sem starfsmenn eiga að hafa að leiðarljósi í störfum sínum og um leið að varðveita og efla það traust og þann trúverðugleika sem skrifstofunni ber að hafa.

## **7. Endurskoðun á starfsreglum**

Árlega eru starfsreglurnar yfirfarnar af innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar til að meta hvort tilgangur, valdheimildir og ábyrgð, eins og það er skilgreint í starfsreglunum, séu fullnægjandi til að markmiðum með starfsemi Innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar sé náð. Breytingar á starfsreglum skulu lagðar fyrir borgarráð til samþykktar.

### **Tilvísanir**

Alþjóðlegir staðlar og siðareglur um innri endurskoðun.

IPPF 1000.

### **Síðustu breytingar og/eða athugasemdir**

Samþykkt á fundi endurskoðunarnefndar 27. nóvember 2017

Samþykkt á fundi borgarráðs 3. nóvember 2016

Afgreitt á fundi endurskoðunarnefndar 17. október 2016

Samþykkt á fundi endurskoðunarnefndar 14. október 2015